

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2005/9/EB

frá 28. janúar 2005

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur með tilliti til aðlögunar  
VII. viðauka við hana að tækniframförum

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. hluta VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er sett fram skrá yfir útblámasiur sem eru leyfðar í snyrtivörum.
- 2) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli telur óhætt að nota 2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-bensósýruhexýlestra, í allt að 10% styrk í sólarvarnarvörur, einan sér eða með öðrum útblámagleypum. Þar af leiðandi ber að bæta 2-[4-(díetýlamínó)-2-hýdroxýbensóýl]-bensósýruhexýlestra við 1. hluta VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE sem tilvísunarnúmeri 28.
- 3) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli eigi síðar en 28. júlí 2005 til að fara að tilskipun þessari. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni þegar í stað þessi ákvæði og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 2005.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2004/93/EB (Stjtið. ESB L 300, 25.9.2004, bls. 13).

## VIÐAUKI

Í 1. hluta VII. viðauka við tilskipun 76/768/EBE bætist við eftirfarandi tilvísunarnúmer 28:

Tilvísunarnúmer	Efni	Leyfilegur hámarksstyrkur	Aðrar takmarkanir og kröfur	Notkunarskilyrði og varnadarorð sem prenta verður á merkimiðann
a	b	c	d	e
„28	2-[-4-(dietýlaminó)-2-hýdroxýbensóyl]-bensósýruhexýlestri  (INCI-heiti: Dietýlaminó Hýdroxýbensóyl Hexýl Bensóat,  CAS-númer 302776-68-7)	10% í sólarvarnarvörur <sup>44</sup>		